



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

134. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 24. apríl í bóknámshúsi skólans kl. 17.00

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Bogi Hallgrímsson, Ólafur Eggertsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Stefán Jónsson, fjármálastjóri, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Helga Sigrún Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Í síðustu fundargerð frá 14. apríl misritaðist föðurnafn Eggerts Ólafssonar og er beðist velvirðingar á því.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár þó ekki í þeirri röð sem hún var uppsett í fundarboði.

4. Akstursmál.

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir athugun á akstursmálum á svæðinu. Von er á greinargerð um málið og verður hún væntanlega tilbúin fyrir næsta fund.

5. Viðhaldsverkefni sumarsins.

Aðstoðarskólameistari lagði fram áætlun um kostnað vegna viðhaldsvinnu næsta sumars. Allmikil umræða varð um þennan lið og stöðu fjármála miðað við fjárhagsáætlun fyrir 1988. Skólanefnd samþykkti viðhaldskostnað allt að 1.500.000 fyrir liði a, d og e á áætluninni. Skólanefnd heimilar skólameistara að ganga frá málum tölvuskóla eins og hann stendur í dag.

1. Fjárlagagerð.

Skólameistari gerði grein fyrir fjárlagagerð fyrir Hagsýslu- og fjárhagsstofnun vegna fjárlagafrumvarps 1989. Tillögur skólameistara og fjármálastjóra samþykktar.

2. Ráðning aðstoðarskólameistara.

Þrjár umsóknir bárust um stöðu aðstoðarskólameistara. Þær voru frá Sigríði Bilddal, Þórunni Friðriksdóttur og Ægi Sigurðssyni. Skólanefnd samþykkir tillögu skólameistara um að Ægir Sigurðsson verði ráðinn aðstoðarskólameistari.

3. Skýrsla skólameistara um Danmerkurferð.

Skólameistari dreifði skýrslu um Danmerkurferð sem hann fór ásamt tveim öðrum skólastjórum af Suðurnesjum.

6. Önnur mál.

a) Skólanefnd samþykkir að auglýsa nám í 3. stigi í hárgreiðslu n.k. haust.

b) Nemar í hárgreiðslu fóru í heimsókn á Garðvang 24. mars og voru þar allan daginn við hársnyrtingu.

c) Skólameistari sagði frá kynningardegi sem haldinn var í skólanum á sumardaginn fyrsta. Kennarar höfðu undirbúið stórgóða kynningu og nemendur mættu vel, en aðsókn gesta var dræm.

d) Skólameistari dreifði almennum kynningarbæklingi um skólann. Bráðlega verður kynningarbæklingi um verknám sérstaklega dreift að auki.

e) Borgþór Arngrímsson, kennari, færði skólanum á dögunum veggspjöld að gjöf og fær hann bestu þakkir fyrir.

f) Formleg heimild fyrir framhaldsnámi í mál- og rennismiði hefur borist frá Menntamálaráðuneytinu.

g) Hópur bókasafnsfræðinga af Stór-Reykjavíkursvæðinu heimsótti skólann 11. apríl s.l. og var m.a. að kynna sér tölvuvæðingu bókasafns FS sem er formleg hafin.

h) Borist hefur heimboð frá Fjölbrautaskóla Vesturlands. Skólanefnd stefnir að því að þiggja það í byrjun júní.

i) Stórstúka Íslands mun halda aðalþing sitt dagana 1.-4. júní n.k. í FS.

j) Nemendur og kennari tréiðnabrautar skólans hafa sett upp grindverk við lóð skólans, bekki við aðalinngang, smíðað hillur á kennarastofu og ræðupúlt í hverja kennslustofu skólans. Skólanefnd færir þeim þakkir fyrir vel unnin störf.

k) Dverghamar í Garði hefur fært tréiðnabaut skólans 50.000 kr. að gjöf. Skólanefnd færir fyrirtækinu bestu þakkir fyrir.

l) Brautskráning annarinnar verður laugardaginn 21. maí kl. 14.00 í Íþróttahúsi Keflavíkur. Um 80 nemendur munu verða brautskráðir, þar af 40 flugliðar.

m) Borist hafa umsóknir frá tveimur kennurum um námsstyrk vegna námskeiðs í Danmörku í sumar. Skólanefnd samþykkir að greiða þeim sem svarar farseðlum til Danmerkur gegn því að fá skýrslu um námskeiðið.

n) Formaður segði frá heimsókn Akureyringa 14. apríl s.l.

Fleira ekki gert. Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19.15


Guðmundur Björnsson
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari